

BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Eimskipafélags Íslands hf. 9.3.2023

Gildi-lífeyrissjóður leggur fram eftirfarandi bókun sem sjóðurinn mun gera grein fyrir á fundinum ásamt því að óskað er eftir því að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

Dagskrárliður 8 – Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Launagreiðslur til forstjóra hafa aukist verulega á milli ára og virðast töluvert umfram hámark á árangurstengdum greiðslum samkvæmt starfskjarastefnu. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu eru greiðslur umfram starfskjarastefnu sérstök eingreiðsla til forstjóra í tengslum við kaup hans á hlutabréfum í félaginu.

Gildi leggur áherslu á að starfskjarastefnur félaga lýsi því launakerfi sem í reynd er notast við hverju sinni af hálfu félaga. Öll frávík frá gerðri starfskjarastefnu ætti að sama skapi að upplýsa hluthafa um. Gildi gerir verulegar athugasemdir við viðkomandi greiðslu. Að mati sjóðsins ætti félagið ekki að liðka fyrir hlutabréfaviðskiptum stjórnenda án þess að slíks sé getið í starfskjarastefnu sem samþykkt er á hluthafafundi. Að sama skapi er eðlilegt að félagið upplýsi hluthafa sína um framkvæmd starfskjarastefnu þess og frávík frá henni ef svo ber undir í aðdraganda aðalfundar hverju sinni og í síðasta lagi tveimur vikum fyrir hluthafafundinn, s.s. með gerð skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu eða öðrum sambærilegum hætti sem rökstyður greiðslur til stjórnenda, sundurliðun á þeim eftir tegund og ástæður fyrir greiðslu breytilegra launa eða eingreiðslna.

Gildi-lífeyrissjóður situr hjá við afgreiðslu tillögunnar.

9. mars 2023

Gildi-lífeyrissjóður